



Reglur um heimgreiðslur

1. gr. Markmið

Kópavogsbær veitir foreldrum/forsjáraðilum barna á aldrinum 15-30 mánaða heimgreiðslur vegna barna sem hvorki eru í dvöl hjá dagforeldri né í leikskóla.

2. gr. Skilyrði

Greiðslur eru bundnar eftirfarandi skilyrðum:

- Barn sé með lögheimili í Kópavogi.
- Barn njóti ekki annarra niðurgreiðslna vegna dvalar barnsins.

Greiðslur falla niður þegar barn nær 30 mánaða aldri eða þegar barn hefur dvöl í leikskóla eða hjá dagforeldri með starfsleyfi. Greiðslur falla niður við flutning á lögheimili barnsins úr sveitarfélaginu.

3. gr. Umsókn

Sækja þarf um heimgreiðslur vegna barns í [þjónustugátt Kópavogsbæjar](#). Umsókn um heimgreiðslur þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar fyrir komandi mánaðamót.

4. gr. Afgreiðsla

Upphaf greiðslna miðast við mánuðinn sem barn verður 15 mánaða gamalt og lýkur í síðasta lagi um mánaðarmótin eftir að barn nær 30 mánaða aldri. Heimgreiðslur eru greiddar eftir á frá næstu mánaðamótum eftir að barn hefur náð tilskyldum aldri. Umsókn um heimgreiðslur þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar fyrir komandi mánaðamót. Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.

Heimgreiðslur fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári, ekki er greitt vegna júlí mánaðar.

5. gr. Upphæð

Mánaðarleg heimgreiðsla er 107.176 kr.

6. gr. Uppgjör

Menntasvið hefur umsjón með framkvæmd heimgreiðslna Kópavogsbæjar. Greiðslur fara fram í fyrstu viku hvers mánaðar með rafrænum hætti.

7. gr.
Leiðréttingar

Verði um ofgreiðslu að ræða áskilur Kópavogsbær sér rétt til endurgreiðslu, m.a. í tilvikum þar sem ofgreiðsla kann að vera á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs þann xx 2023.